

Stjórnarfundur Leiðsagnar 21.05.2021 klukkan 10:00.

Sautjándi fundur núverandi stjórnar Leiðsagnar var haldinn föstudaginn 21. apríl klukkan 10:00. Fundinn sátu: Júlíus Freyr Theódórsson, Óskar Grímur Kristjánsson, Pétur Gauti Valgeirsson, Vilborg Anna Björnsdóttir og Friðrik Rafnsson sem ritaði fundargerð.

Dagskrá

1. Síðasta fundargerð (frestað til næsta fundar)
2. Skyndihjálparnámskeið. Hefur staðið lengi til að halda slíkan fund með Rauða krossinum. Um að gera að setja það í gang sem fyrst og tilkynning verður send bráðlega.
3. Aðalfundur 8. júní.
 - a. Fundarstjóri verður Ólafur Karl Eyjólfsson, lögfræðingur.
 - b. Veitingar. Leita tilboða fyrir sjötíu manns.
 - c. Salur – búið að panta eldri borgarasalinn, vandamál voru með með bílastæði í fyrra og spurning hvort tæknibúnaður sé fullnægjandi. Salinn í MK? Þarf að vera maður sem ber ábyrgð á að allt virki vel og hnökralaust.
 - d. Kjörskrá. Skv. samþykktum stjórnar félagsins og trúnaðarráðs er nú unnið að því að setja saman lista frá 11. júní 2019, alls 539 manns. Kosning í stjórn og trúnaðarráð er leynileg á staðnum. Gæta þarf vandlega að rafræna kosningin virki vel og sé örugg í framkvæmd. Kosningar í fastanefndir eru ekki leynilegar og gerðar með með handauppréttingu fundarmanna. Hægt að bæta inn á síðustu stundu þeim sem skrá sig þá.
 - e. Netfundarbúnaður til að senda fundinn út. Þarf að fá tækniþjónustu frá þeim sem leigja salinn til fundarins og tryggja að öryggi og sóttvarnir séu eins og vera ber.
4. Fundur stjórnarinnar með VR nýverið. Góður fundur með þremur fulltrúum VR. Verið að endurskipuleggja ýmislegt innanhúss þar og áhugi á að víkka út starfsemi og því leitaði VR til Leiðsagnar
5. Míнар síður. Aron Bjarnason hjá hugbúnaðarfyrirtækinu Filmis hafði samband og vill gjarna setja verkefni frá Leiðsögn í forgang í sumar. Þarf að klára Míнар síður. Sóttum í Endurmenntunarsjóð og Sjúkrasjóður greiðir á móti. Upphæð liggur ekki endanlega fyrir. Þarfirnar liggja fyrir, fá lýsingu, kostnað og tímaáætlun og leggja fyrir stjórn áður en gefið er grænt ljós á það.
6. Lokaskýrsla starfshóps um menntun leiðsögumanna. Er nánast tilbúin og stjórn fær hana á næstu dögum. Hún verður kynnt þegar starfshópurinn gefur grænt ljós á það, væntanlega í næstu viku.
7. Önnur mál. Bréf Leiðsagnar og SAF um að þrýsta á að leiðsögumenn verði settir í forgang í bólusetningu. Álitamál hvort birta hefði átt efnisatriði úr bréfinu á vef félagsins. Meirihluti á því að það hefði verið rétt að veita félagsmönnum þær upplýsingar, enda mikilvægt hagsmunamál og ekkert viðkvæmt né persónulegt þar.

Fundi slitið klukkan 11:30.

